

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Bryndísar Hlökkversdóttur og Guðrúnar Ögmundsdóttur um sértekjur glasafrjógungardeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss.

1. *Hvað eru sértekjur glasafrjógungardeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss hátt hlutfall af kostnaði við meðferðir á hennar vegum og hvernig hefur þetta hlutfall þróast frá stofnun deildarinnar?*

Ekki reyndist unnt að ná fram kostnaðartölum allt frá stofnun deildarinnar. Hér er því eingöngu stuðst við árin 2000, 2001 og fyrri hluta árs 2002, en kostnaðargreining vegna DRG-verkefnisins gerir slíkt mögulegt. Næstum óframkvæmanlegt er að greina kostnað á glasafrjógungardeild þar sem kostnaður við einstakar meðferðir er margbreytilegur og ekki gildir sama verð fyrir alla, jafnvel þótt farið sé í nákvæmlega sömu meðferð. Ástæðan er mjög flókin verðskrá sem bundin er í reglugerð. Þar fyrir utan er mjög misjafnt hvað hver meðferð kostar því að einstaklingar geta farið á milli meðferða sem gerir heildarúttekt fyrir hvern meðferðarflokk mjög erfiðan. Öll kostnaðargreining á Landspítala – háskólasjúkrahúsi hefur miðast við að ná kostnaði niður á kennitölur, en það hefur reynst afar erfitt á glasafrjógungardeildinni vegna framangreindra þátta.

Eftirfarandi yfirlit sýnir heildartekjur og heildarkostnað glasafrjógungardeildar á árunum 2000 og 2001 og á fyrri hluta árs 2002. Tekið skal fram að S-merkt lyf eru ekki meðtalin í heildarkostnaði, en á árinu 2001 var kostnaður vegna þeirra 78 millj. kr. S-merkt lyf vegna glasafrjógungardeildar voru greidd af Tryggingastofnun ríkisins árið 2000.

Ár	Sértekjur Greiðslur sjúklinga	Heildarkostnaður	Sértekjur sem hlutfall af heildarkostnaði
2000	50.769.250	83.370.881	60,9%
2001	53.862.000	90.624.148	59,4%
2002 (jan.–júní)	36.041.250	63.227.000	57,0%

Eflitið er til tímabilsins 2000–2002 nema sértekjur/greiðslur sjúklinga samtals 57%–61% af heildarkostnaði við meðferðir á glasafrjógungardeildinni. Hlutfall greiðslna í heildarkostnaði hefur verið að lækka þetta tímabil, úr 61% í 57%.

Ef S-merkt lyf eru tekin með á árinu 2001 er heildarkostnaður við meðferðir á glasafrjógungardeildinni 168.624.148 kr. Sértekjur/greiðslur sjúklinga það sama ár eru 53.862.000 kr., 32% af heildarkostnaði.

2. *Hversu hátt hlutfall af meðferðarkostnaði greiða sjúklingar?*

Ef litið er til síðustu þriggja ára greiða sjúklingar að meðaltali um 60% af meðferðarkostnaði, um 30% ef lyf vegna meðferðanna eru tekin með, þ.e. svipað hlutfall og sjúklingar greiða vegna komu til sérfræðilækna. Þetta hlutfall getur verið mjög misjafnt eftir þeim sem í hlut eiga. Þar hafa áhrif þættir eins og flókin verðskrá, mismunandi lyfjanotkun þrátt fyrir að um sömu meðferð sé að ræða og sú staðreynd að einstaklingar geta verið að fara á milli meðferða.